

Leiðbeiningar við eyðublað

Gott er að byrja samtalið á opinni spurningu til að skapa afslappaðra andrúmsloft og jafnvel spyrja hvort að það sé eitthvað sérstakt sem viðkomandi vill koma á framfæri, eða hvort að sá sem tekur samtalið vilji koma einhverju á framfæri áður en farið í þá þætti sem samtalseyðublaðið byggir á.

1. Liður

Til umræðu er 3ja ára stefna ríkisaðila, fjárveitingabréf og þróun innri starfsemi í samræmi við markmið og mælikvarða sem þar koma fram.

Nýta skal kannanir sem liggja fyrir sbr. Stofnun ársins og þjónustukannanir. Ákveða spurningar sem mikilvægt er að ræða um, t.d. „Ég ber fullt traust til stjórnenda stofnunarinnar?“, „Á heildina litið líður mér vel í starfi mínu?“ eða „Á mínum vinnustað er starfsfólki hrósað þegar það stendur sig vel?“. Gott að hafa upplýsingar um þróun niðurstöðu einstaka þátta. Mikilvægt að taka saman niðurstöður a.m.k. síðustu 3ja ára og greina þætti. Skoða svarhlutfall, er svarhlutfallið að gefa okkur einhverjar vísbendingar?

2. Liður

Ræða samstarfið og samskipti ráðuneytis og forstöðumanns/stjórnenda á hreinskiptin máta með það að markmiði að byggja upp traust og efla og bæta samstarf sem er lykilatriði varðandi árangur stofnunar. Einnig er mikilvægt að ræða líðan og álag. Undirbúningur beggja aðila er mikilvægur einkum ef ræða þarf erfið mál.

3. Liður

Eindregið er mælt með að til séu haldbær gögn til að ræða styrkleika stjórnanda og hvernig ríkið getur stutt viðkomandi í stjórnendahlutverkinu. Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Kjara og mannauðssýsla ríkisins (KMR) í samstarfi við ráðuneytin hefur gert samning við Maskinu og þróað spurningalista út frá þeim hæfniskröfum sem fram koma í kjörmynd stjórnenda í Stjórnendastefnu ríkisins. Mikilvægt er að ráðuneytin noti þessa könnun til að tryggja að samtalið byggist á samræmdum haldbærum gögnum. Þar sem ráðuneyti og stjórnandi eru ekki í daglegum samskiptum er mikilvægt að samtalið sé hlutlægt og í takt við raunveruleikann. Mælt er með því að könnunin sé lögð fyrir reglulega, amk. annað hvert ár. Tryggja þarf að tími á milli könnunar og samtals sé ekki langur og ekki líði meira en 2 mánuðir á milli niðurstöður könnunar og stjórnendasamtals.

FJR (KMR) undirbýr, mótar og þróa spurningarnar í takt við stjórnendastefnu og greiði fyrir kostnað hvað það varðar. Ráðuneytin greiða svo fyrir framkvæmd matsins.

Fyrir stofnanir sem ekki hafa lámarksstarfsmannafjölda til að hægt sé að leggja fyrir könnun, er gert ráð fyrir að forstöðumaður geri sjálfur sjálfsmat sem byggt er á sömu spurningum og könnunin.

4. Liður

Lögð er áhersla á að draga saman og skrá fundarpunkta og aðgerðir ef við á og senda stjórnenda til staðfestingar. Í amstri dagsins fennir fljótt yfir það sem rætt er og ákveðið. Eftirfylgni tryggir árangur samtals og byggir upp traust á milli aðila.